

Alþingi
Allsherjar og menntamálanefnd

Reykjavík, 24. nóvember 2022
Málsnúmer: DSS202211-0311/0.09

Efni: Athugasemdir dómstólasýslunnar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (málsmeðferð hjá Endurupptökudómi). Þingskjal 488 – 428. Mál.

Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis hefur sent dómstólasýslunni ofangreint frumvarp til umsagnar.

Dómstólasýslan tekur undir þær röksemdir sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu um nauðsyn lagabreytingarinnar.

Dómstólasýslan telur afar brýnt að leyst verði sem fyrst úr óvissu um meðferð mála sem dæmd hafa verið í Hæstarétti fyrir tilkomu Landsréttar og Endurupptökudómur telur að uppfylli skilyrði til endurupptöku, sökum þess að brotið hafi verið gegn milliliðalausri sönnunarfærslu. Mikilvægt er að tryggja að umrædd mál geti fengið endurtekna efnislega málsmeðferð fyrir dómi en að baki liggja brýnir hagsmunir endurupptökubeiðenda og almannahagsmunir.

Engar efnislegar athugasemdir eru gerðar við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri